

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 8. október 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Guðjón Ebbs Guðjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun sveitarsjóðs fyrir árin 2010 til 2012. Forsendur áætlunarinnar voru ræddar en hún var síðan samþykkt.

2. Tekjuþróun jan – ágúst 2009

Fyrir fundinum lá yfirlit um skatttekjur sveitarsjóðs fyrstu 9 mánuði ársins. Útsvarstekjur eru meiri á því tímabili sem var til skoðunar en bent var á að á seinni hluta ársins myndi sú hækkun væntanlega ganga til baka. Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði muni verða talsvert minni en áætlað var.

3. Erindi til fjárlaganefndar

Fyrir fundinum lágu gögn sem lögð voru fyrir fjárlaganefnd á fundi sem oddviti átti með nefndinni 28. september sl. Oddviti skýrði nánar þá umræðu sem fram fór á fundinum.

4. Samningar um sorphjónustu**a. Verksamningur um gámastæði**

Fyrir fundinum lá tillaga að verksamningi milli sveitarfélagsins og Sorphreinsunsr VH um byggingu og rekstur gámastæðis. Markmið samningsins er að bæta aðstöðu og möguleika til flokkunar úrgangs. Sveitarstjórn yfirfór samninginn en hann var síðan samþykktur.

b. Kynning á breyttu fyrirkomulagi sorphirðu

Fyrir fundinum lágu drög að bæklingi þar sem kynnt eru þau áform að auka endurvinnslu með því að bjóða Endurvinnslutunnu í samstarfi við Gámahjónustuna og Sorphreinsun VH. Kynningarbæklingurinn var ræddur og nokkrar ábendingar komu fram.

5. Ársreikningur Félags- og skólahjónustu A-Hún

Ársreikningurinn lá fyrir fundinum og var tekin til umfjöllunar. Rekstartekjur samstæðu Félags og skólahjónustu var 118.239 þús. en rekstrarniðurstaða var 108.347 þús. Fjármunatekjur voru 600 þús og Niðurstaða ársins var því jákvæð um 9.292 þús. Ársreikningurinn var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hann.

6. Frístundakort

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn samþykkir að bjóða frístundakort sem nemi allt að 15 þúsund króna styrk fyrir hvert grunnskólubarn sem tekur þátt í íþróttum og æskulýðsstarfi. Ákvörðun um frístundakort gildir frá 1.

september 2009 til 31. ágúst 2010. Frístundakortin ná til starfsemi íþróttafélaga auk hverskonar skipulagðs félags- og tómsundastarfs sem stendur í sex vikur eða lengur og greitt er fyrir með þáttökugjaldi. Þar að auki gildir kortið fyrir aðra tómsundaiðkun, s.s. tónlistar- og listnám. Síðasti greiðsludagur vegna tímabilsins er 15. september 2010“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Svæðisskipulag A-Hún

Tekið fyrir bréf frá Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu dags. 8. september 2009 varðandi breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. Tillagan felst í að í landbúnaðarsvæði í landi Sölvabakka er breytt í sorpförgunar- og efnistökusvæði. Landbúnaðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota austan við Blönduós er breytt í iðnaðar- og athafnasvæði. Landbúnaðarsvæði á Öxl II í Húnavatnshreppi er breytt í verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota. Á auglýsinga- og kynningartíma bærust athugasemdir og umsagnir frá 8 aðilum og verða svör samvinnunefndar send til þeirra sem athugasemdir gerðu og niðurstaða samvinnunefndarinnar auglýst, sbr. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga. Sveitarstjórn leggur til að breyting á Svæðisskipulagi A-Hún., verði samþykkt.

8. Verknámshús FNV

Fyrir fundinum lágu gögn vegna stækkunar verknámsaðstöðu Fjölbrautaskóla NV sem höfðu áður verið send sveitarstjórn með tölvupósti. Tilboð í verkið voru opnuð þann 6. júlí s.l. og sveitarstjórn hafði samþykkt óformlega hlutdeild sína að verkinu. Ríkissjóður hefur einnig samþykkt að framkvæmdin fari af stað á grundvelli þess sammings gerður var um verkefnið. Sveitarstjórn staðfesti ákvörðun sína um þátttöku í verkefninu.

9. Bréf:

- a. Félags- og skólaþjónustu A-Hún, dags. 8. sept. 2009

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við akstur þeirra sem taka þátt í starfsendurhæfingu þar sem ekki hafði náðst í nægjanlega stóran hóp til að stofna til námskeiðs á staðnum. Sveitarstjóra falið að leita upplýsinga um forsendur en samþykkt að styðja við verkefnið í ljósi þeirrar niðurstöðu.

- b. Skíðadeildar Tindastóls, dags. 17. sept. 2009

Skíðadeildin óskar eftir stuðningi til reksturs skíðasvæðisins á svipuðum forsendum og verið hefur sl. þrjú ár. Samþykkt að styðja við skíðasvæðið á árinu 2010 með 300 þús. kr. framlagi.

- c. Landssambands slökkviliðs og sjúkrafl. dags. 9. sept. 2009

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við eldvarnarátak og útgáfu fræðsluefnis í þeim tilgangi fyrir skólabörn. Samþykkt að styðja við verkefnið með 10.000 kr. framlagi.

- d. Framkvæmdastjóra SSNV, dags. 9. sept. 2009

Bréfið er ritað vegna samþykktar 17. ársþings SSNV þar sem ákveðið var að skipa starfshóp sem kanna á möguleika á frekara samstarfi og samþættingu félags- og

skólaþjónustu á Norðurlandi vestra. Með bréfinu er leitað eftir tilnefningu tveggja fulltrúa frá Austur Húnavatnssýslu. Sveitarstjóra falið að tilnefna í starfshópinn í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.

10. Fundargerðir:

- a. Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 27.07.2009
Fundargerðin var til kynningar
- b. Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 24.08.2009
Fundargerðin var til kynningar
- c. Stjórnar Norðurár bs. 8.07.2009
Fundargerðin var til kynningar
- d. Stjórnar Norðurár bs. 17.08.2009
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar Norðurár bs. 6.09.2009
Fundargerðin var til kynningar
- f. Stjórnar SSNV, 15.09.2009
Fundargerðin var til kynningar
- g. Árspings SSNV, 21.-22.08.2009
Fundargerðin var til kynningar
- h. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 28.08.2009
Fundargerðin var til kynningar

11. Önnur mál

Oddviti kynnti stöðu hitaveitumála þar sem fyrir liggur kostnaðarmat og arðsemisútreikningur. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að fara yfir málið með fulltrúum Rarik.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10¹⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Guðjón Ebbs Guðjónsson

Birna Sveinsdóttir,

Sigríður Gestsdóttir,

Magnús B. Jónsson.